

# Leikskólinn Álfaborg

## ÁRSSKÝRSLA 2022-2023



## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>2</b>
<b>Álfaborg – tölulegar upplýsingar</b> .....	<b>2</b>
Barnahópurinn.....	2
Mannauður.....	2
<b>Skólafélag Svalbarðsstrandarhrepps – stefna Álfaborgar</b> .....	<b>2</b>
<b>Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar</b> .....	<b>3</b>
<b>Mat á skólafélagi</b> .....	<b>3</b>
<b>Starfsáætlun skólaársins 2022-2023</b> .....	<b>3</b>
<b>Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir</b> .....	<b>3</b>
<b>Sérkennsla/stoðþjónusta</b> .....	<b>4</b>
<b>Skóladagatal</b> .....	<b>4</b>
<b>Sumarleyfi barna og starfsmanna</b> .....	<b>4</b>
<b>Þróunarstarf og símenntun</b> .....	<b>4</b>
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	<b>5</b>
Fyrsta viðtal.....	5
Kynningarfundir.....	5
Foreldrasamtöl.....	5
<b>Foreldrafélag</b> .....	<b>5</b>
<b>Samstarf leik- og grunnskóla</b> .....	<b>6</b>
<b>Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla</b> .....	<b>6</b>
Skólanefnd.....	6
Skólaráð.....	6
<b>Öryggismál</b> .....	<b>7</b>
Öryggisnefnd.....	7
Fáliðunar stefna leikskólans.....	7
Húsnæði.....	8
Viðhald.....	8
<b>Lokaorð</b> .....	<b>8</b>

## Formáli

Þessi ársskýrsla er skrifuð af skólastjóra sem tók við starfinu um miðjan janúar 2023. Vegna þess er skýrslan e.t.v. ekki mjög nákvæm. Fyrri skólastjóri hætti störfum í september 2022.

## Álfaborg – tölulegar upplýsingar

### Barnahópurinn

Í Álfaborg voru að jafnaði 37-40 nemendur í tveimur deildum í þremur heimastofum. Fyrri talan á við haustmíssi og sú seinni á við vormíssi. Á Hreiðri, ungbarnadeildinni, voru 7-9 börn á aldrinum 12-24 mánaða. Á Lundi, eldri deildinni, voru 30-31 börn á aldrinum 2-5 ára. Börnunum á Lund var skipt niður í tvær heimastofur; Kvist og Rjóður. Á Kvisti voru 15-16 börn á aldrinum 2-3 ára og í Rjóðri voru 13-15 börn á aldrinum 3-5 ára. Haustið 2024 munu alls 37 börn hefja leik og störf í Álfaborg að öllu óbreyttu og svo bætast börn í hópinn eftir áramót.

### Mannauður

Leikskólinn Álfaborg hefur verið nokkuð vel settur af menntuðu og reynslu miklu starfsfólki. Hann uppfyllir engu að síður ekki ákvæði laga nr. 95/2019 um að 2/3 hlutar starfsfólks miðað við stöðugildi hafi leyfisbréf kennara.

Þá má nefna að einn leiðbeinandi mun ljúka meistaranámi frá HA núna í byrjun júní og annar á vordögum 2024. Að auki mun einn leiðbeinandi ljúka leikskólalíðanámi frá Símei í byrjun júní. Það má því segja að metnaður til náms ríkir almennt í starfsmannahópnum.

Í Álfaborg störfuðu í vetur að jafnaði 13 starfsmenn í 11,5 stöðugildum, auk leikskólastjóra, þar af eru 3 starfsmenn í 2,9 stöðugildum með leyfisbréf kennara og 3 starfsmenn í 1,8 stöðugildum með B.Ed. gráðu og 1 starfsmaður í 1 stöðugildi með iðjuþjálfamenntun. Samtals eru 2,8 stöðugildi til afleysinga vegna undirbúningstíma starfsmanna.

Samkvæmt kjarasamningum eru undirbúningstímar nú alls 67,5 klst. á viku (miðað við stöðuhlutfall í skólanum) til undirbúnings starfsins. Sérkennslustjóri sinnti sérkennslu í 0,2 stöðugildi og annaðist allt skipulag og umsjón með sérkennslu. Í byrjun árs var ráðin starfsmaður í 0,5 stöðugildi í eldhúsið okkar en hann sagði upp og hætti í lok mars.

Nokkuð var um mannabreytingar í vetur en Margrét Jensína leikskólastjóri hætti störfum hjá Álfaborg seinnipart september og var María Aðalsteinsdóttir þá skólastjóri yfir báðum skólastigum, leik- og grunnskóla. Um miðjan janúar tók Bryndís Hafþórsdóttir við stöðu leikskólastjóra. Einn starfsmaður kom úr launalausum leyfi í febrúar og annar var ráðinn inn í lok október. Tveir kennarar sögðu upp störfum og verða báðir hættil þegar sumarfrí hefst.

Ewa Sienda sá um ræstingu með miklum ágætum. Við deilum svo námsráðgjafa, matráði og húsverði með Valsárskóla.

## Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps – stefna Álfaborgar

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hvor skóli býr til sína eigin skólanámskrá þar sem allir starfsmenn koma að vinnunni. Vinna að nýrri skólanámskrá var hafin en hefur ekki verið haldið áfram í vetur þar sem leikskólastjórinn hætti. Skólanámskrár vinnu verður lokið í júní 2024.

Skólanámskrá Álfaborgar byggir á stefnu sveitarfélagsins, Barnasáttmálanum, Aðalnámskrá leikskóla og grunnþáttum menntunar, lögum um leikskóla og reglugerðum þar að lútandi. Auk þess er sameiginleg stefna leik- og grunnskólans sem byggir á Uppbyggingarstefnunni og

Uppeldi til ábyrgðar höfð til hliðsjónar.

## Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

„Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga“ er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistök sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta og agamálum. Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna má finna á síðunni: <https://uppbygging.is/>

### Mat á skólastarfi

Vegna breytinga á stjórnunarstöðu var ekki mikil áhersla á innra mat þennan veturinn. Ákveðið var að foreldrakönnun Skólapúls færðist yfir á næsta skólaár. Hún átti að vera á þessu árið en þessi breyting var gerð vegna breytingar á stjórnun skólans og einnig til að foreldrar svari könnunum ekki á sama ári í grunnskólanum og leikskólanum.

### Mat á innra starfi

Á grundvelli laga um leikskóla ber að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og leitast við að fá fram sjónarmið sem flestra í skólasamfélaginu. Gögnin sem innra matið er byggt á voru foreldrasamtölum sem fóru fram í nóvember 2022 og í mars 2023 og skýrslu Sesselju leikskólaráðgjafa eftir innlit í mars 2023

### Foreldrasamtöl

Foreldrar voru almennt jákvæðir í samtölunum og sýndu skilning og velvilja í stöðunni sem uppi var í nóvember þegar grunnskólastjóri stjórnaði báðum skólastigum. Foreldrar voru almennt ánægðir með starfs leikskólans þetta skólaárið.

### Innlit leikskólaráðgjafa

Leikskólaráðgjafi var inni í hverri heimastofu í 90 mínútur og fylgdist með starfinu. Hún var jákvæð í skýrslu sinni en kom með hugleiðingu um áreiti almennt í leikskólum og notkun tónlistar sem bakgrunnshljóð í leik og starfi barna. Ráðgjafinn vildi minnka þessi hljóðrænu áreiti svo börnin fái betur notið sín.

## Starfsáætlun skólaársins 2022-2023

Skólanum ber að gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Í ár var ekki búin til starfsáætlun fyrir leikskólann Álfaborg þar sem lítið var eftir af skólaárinu þegar nýr leikskólastjóri var búin að koma sér inn í starfið.

## Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir

### Samráðsfundir í Álfaborg

-*Starfsmannafundir* voru að jafnaði 4x á misseri eftir skólatíma, þ.e. kl. 16:00-18:00.  
-*Stjórnendateymi leikskólans fundaði* 1x í viku á skólatíma, féllu þó stundum niður vegna manneklu. Sæti í stjórnendateymi eiga deildarstjórar, heimastofustjórar og skólastjóri, auk sérkennslustjóra sem sat fundina eftir þörfum.

-*Deildarfundir*, 30-45 mínútur, voru vikulega á skólatíma þegar mönnun í húsi gerði það kleift, þar eiga allir starfsmenn deildar sæti auk þess sat sérkennslustjóri deildarfundi eftir þörfum. Til að koma þessum fundum við annaðist skólastjóri og starfsmenn hinnar

deildarinnar öll börnin í útiveru á meðan.

## Sérkennsla/stoðþjónusta

Leikskólanum ber að taka tillit til þarfa hvers og eins barns svo það fái notið bernsku sinnar og skóladvalar. Taka þarf sérstakt tillit til barna sem glíma við tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika.

Foreldrar sem óskuðu eftir sértæku úrræði eða greiningu fyrir börn sín nutu stuðnings sérkennslustjóra og sérkennsluráðgjafa (frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar) með útfyllingu beiðna um slíkt og sá sérkennslustjóri um að fylla út og fylgja eftir slíkum beiðnum í samráði við foreldra. Talmeinafræðingur kom í Álfaborg að jafnaði einu sinni í mánuði og sinnti þeim börnum sem þurftu málþroskagreiningu eða þjálfun.

## Skóladagatal

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert á slóðinni: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/skoladagatal-2019-2020> Skipulagsdagar skólaársins eru fimm talsins og voru eftirfarandi: Á haustmisseri 2022 voru skipulagsdagar 19. ágúst og 24. október. Á vorönn 2023 voru þeir 2. janúar, 20. febrúar og 19. maí.

15. mars 2023 héldum við upp á 30 ára afmæli leikskólans með opnu húsi en þar skrifuðu 79 manns í gestabókina. Foreldrafélagið gaf 5 heyrnahlífar fyrir börnin, kvenfélagið gaf gjafabréf fyrir þurrkskáp að verðmæti 250.000 kr. og sveitarfélagið gaf þrjá sparkbíla og tvær hjóladráttarvélar ásamt kerru og vatnstanki.

### Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins 2022-2023

Auk skóladagatala er mánaðarskipulag hvers mánaðar fyrir sig birt á heimasíðu og útprentað í forstofum. Þar koma fram allir uppbrotsdagar, dæmi um fasta uppbrotsdaga: Dagur læsis 8. september. Dagur íslenskrar náttúru 16. september. Hrekkjavaka í lok október. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Fullveldisdagurinn 1. desember. Jólaföndurdagur foreldrafélagsins á aðventunni. Jólaball foreldrafélags í vikunni fyrir jól. Þrettándinn 6. janúar. Bóndadagur. Dagur leikskólans 6. febrúar. Konudagur. Bolludagur. Sprengidagur. Öskudagur. Þjóðhátíðardagurinn. Útskriftarferð Krumma 25.-26. maí. Útskrift Krumma 13. júní.

## Sumarleyfi barna og starfsmanna

Allt þar til sumarið 2020 var skólinn lokaður í 4-5 vikur um miðbik sumars en nú hafa verið gerðar tvenns konar „prufur“ á öðru fyrirkomulagi. Sumarið 2020 var skólinn lokaður í tvær vikur, en sumarið 2021 var skólanum ekkert lokað yfir sumarið. Sumarið 2022 var ákveðið að loka leikskólanum í fjórar vikur en bjóða jafnframt upp á daggæslu þessar sömu vikur. Engin óskaði eftir því, svo engin starfsemi var í Álfaborg þessar vikur. Í ár verður leikskólinn lokaður í fjórar vikur 10. júlí til og með 7. ágúst. Sumarleyfi starfsmanna eru sex vikur og eiga því allir tvær vikur til umráða á orlofstímabilinu.

## Þróunarstarf og símenntun

Ábyrgð á símenntun kennara er á hendi skólastjóra og tekið er mið af áherslum skólastarfsins en í ár var engin símenntunaráætlun í gangi en allir fóru þó á einhver námskeið.

Vináttuverkefnið Blær hjá Endurmenntun HÍ  
Verklegt skyndihjálparnámskeið hjá Rauðakrossinum  
Grunnkerfi Karellen, fjarnámskeið

Fagleg samskipti, Ólína Freysteinsdóttir fjölskylduráðgjafi  
Vettvangsheimsóknir í Klappir og Iðavöll til að kynna sér starfið.  
MIO smá-fyrirlestur

Leikskólastjóri er nú búinn með eitt ár í námi við Háskólann á Akureyri sem heitir Þróunarstarf á vettvangi - Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi.

## Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt. Foreldrar bera þó alltaf frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Hins vegar ber leikskólanum að veita foreldrum stuðning við uppeldið. Velferð barna er leiðarljós laga um leikskóla, auk barnasáttmálans, og með það í huga ber skólastjóra að stuðla að samstarfi foreldra og kennara leikskóla. Í foreldrasamstarfinu vega dagleg samskipt þyngst.

Allir viðburðir eru auglýstir sérstaklega á foreldrasíðu leikskólans á Facebook, tilkynningar sendar í tölvupósti og matseðill og viðburðadagatal sett mánaðarlega á heimasíðu skólans og í Karellen. Þá fá foreldrar reglulega pósta frá deildarstjórum um framvindu starfsins á deildinni. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður við leikskólastarfið með fjölbreyttum hætti. Sameiginlegt skólaráð Álfaborgar/Valsárskóla er einnig starfandi samkvæmt lögum en það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í starfinu.

## Fyrsta viðtal

Allir nýir foreldrar eiga samtali við deildarstjóra, og eftir atvikum skólastjóra, í aðlögunar viku barnsins þar sem stefna og vinnubrögð skólans eru kynnt, farið yfir helstu áherslur í starfinu og annað sem foreldrar óska eftir að fá upplýsingar um. Í fyrsta formlega samtali foreldra við deildarstjóra er starf deildarinnar kynnt og farið yfir áherslur og spurningum svarað. Samningur um leikskóladvöl barnsins er svo undirritaður.

## Kynningarfundir

Einn almennur kynningarfundur var í lok september. Eftir stutta kynningu á nýju farsældarlögunum, heimasíðu skólans og vetrarstarfinu framundan var foreldrum boðið inn á deild síns barns og rabbað og rætt um starfið á viðkomandi deild.

## Foreldrasamtöl

Boðið er upp á tvö formleg foreldrasamtöl; það fyrra að hausti og síðara á vormisseri. Tilgangur samtalanna er að ræða framvindu í þroska og um líðan barnsins. Helstu stoðir í viðtölunum voru TRAS og HLJÓM -skráningar auk sérstaks viðtalsramma um þroska og framfarir. Auk þessa hafa foreldrar og kennarar óskað eftir fundi ef ástæður hafa kallað á. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti.

## Foreldrafélag

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Foreldrafélagið hefur m.a. annast sveitaferð um sauðburð, jólaföndur,

jólaball, tiltektardag foreldra á vorin og fleiri tilfallandi upptöku, s.s. leiksýningu fyrir börnin eða námskeið fyrir foreldra.

### **Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2022-2023**

Alma Sigríður Þórólfsdóttir, formaður.

Ingbór Björnsson, varaformaður.

Andri Már Þórhallsson, gjaldkeri.

Sigríður Edda Ásgrímsdóttir, ritari.

Jóhanna Ester Guðmundsdóttir, Rakel Þorgílsdóttir og Elísabet Sif Haraldsdóttir.

### **Áheyrnarfulltrúi foreldra Álfaborgar í skólanefnd**

Hafrún Helga Arnardóttir.

### **Fulltrúar foreldra Álfaborgar í skólaráði**

Halldóra S. Halldórsdóttir var fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar var Hjalti Már Guðmundsson.

## **Samstarf leik- og grunnskóla**

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast á milli skólastiga og að auka samvinnu kennara á milli skólanna. Samþættingin felst í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum (Krummar) eru einn dag í viku í grunnskólanum með 1. og 2. bekk og fara í kennslustundir þar t.d. íþróttir, tónlist, handmennt og bekkjarkennsla. Í vetur voru þriðjudagar skóladagar og þá fá þau bæði morgun- og hádegismat í Valsárskóla.

Einnig fara tveir elstu árgangar í Álfaborg (Krummar og Spóar) í útiskóla með 1. og 2. bekk í Valsárskóla aðra hverja viku og gera ýmislegt skemmtilegt saman úti í náttúrunni. Það má segja að samstarf sem þetta sé einstakt og er þannig hluti af sérstöðu skólanna.

## **Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla**

### **Skólanefnd**

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskóla og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra leikskólans og fulltrúi foreldra grunnskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

### **Fulltrúar í skólanefnd 2022-2023**

Árný Þóra Ágústsdóttir formaður.

Hanna Sigurjónsdóttir.

Vilhjálmur Rósantsson.

Auk þeirra starfa skólastjórnir Bryndís Hafþórsdóttir og María Aðalsteinsdóttir með nefndinni og skipuleggja fundi í samráði við formann.

Hafrún Helga Arnardóttir er áheyrnarfulltrúi foreldra í Álfaborg.

Sigríður Guðmundsdóttir er áheyrnarfulltrúi kennara í Álfaborg.

### **Skólaráð**

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknnum leik- og grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda

komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Álfaborgar og Valsárskóla.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90, 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldra-/skólaráðs sé að gefa umsagnir til leik- og grunnskóla, auk skólanefndar. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leik- og grunnskólastarfi.

### **Fulltrúar í skólaráði 2022-2023**

- Bryndís Hafþórsdóttir skólastjóri Álfaborgar og til vara Sigurbjörg Ósk Jónsdóttir.
- María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir.
- Þóra Sigríður Torfadóttir fulltrúi foreldra í Valsárskóla, varamaður er Eva Sandra Bentsdóttir.
- Ásrún Aðalsteinsdóttir fulltrúi kennara í Valsárskóla, varamaður hennar er Harpa Helgadóttir.
- Jóel Árnason og Kristófer Örn Sigurðarson fulltrúar nemenda Valsárskóla.
- Þórdís Eva Þórólfsdóttir fulltrúi kennara í Álfaborg og til vara Ásdís Hanna Bergvinsdóttir.
- Auður Hafþórsdóttir fulltrúi starfsm. Álfaborgar, varamaður er Gísli Arnarson úr Valsárskóla.
- Halldóra S. Halldórsdóttir fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður er Hjalti Már Guðmundsson.

## **Öryggismál**

Slys gera ekki boð á undan sér. Eldvarnareftirlit er í leikskólanum og börnin, ásamt kennara, ganga mánaðarlega um húsið og fara yfir öryggisatriði er varða eldvarnir í húsinu. Slökkviliðið kom á rýmingaræfingu í Álfaborg/Valsárskóla, auk þess sem Logi og Glóð komu í heimsókn. Kennarar voru með umferðarfræðslu í útiskólanum. Öryggisyfirferð á garði, sérstaklega eftir helgar, er á höndum kennara og opinber úttektaraðili kom í árlega skoðun á garði og leiktækjum. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar og brást húsvörður við og leysti úr því.

## **Öryggisnefnd**

Sameiginleg öryggisnefnd er fyrir Álfaborg/Valsárskóla. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

*Í öryggisnefnd sitja:*

Þórdís Eva Þórólfsdóttir (Álfaborg) öryggistrúnaðarmaður  
Helgi Viðar Tryggvason (Valsárskóli) öryggistrúnaðarmaður  
María Aðalsteinsdóttir (Valsárskóli) öryggisvörður  
Bryndís Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggisvörður  
Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna, öryggisstjóri

Tvær rýmingaræfingar voru haldnar á skólaárinu, önnur undirbúin og hin óundirbúin.

## **Fáliðunar stefna leikskólans**

Viðmið vegna lágmarksmönnun í Álfaborg. Markmið með þessari stefnu er að tryggja öryggi barnanna vegna manneklu. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum vegna fáliðunar að stjórnendur telji öryggi barnanna ekki tryggt, er haft samband við foreldra.

*Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:*

- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn



- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn
- 5 ára – 10 börn

Hringt verður í foreldra, sem óskað er eftir að sækji börn sín hverju sinni, og leitast við að vinna þetta í sem bestu samráði, þ.e. skólinn tekur tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni, en gætir engu að síður fulls jafnræðis. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband. Loka þurfti Hreiðri 22. september 2022 vegna manneklu og nokkrum sinnum var hringt í foreldra í ágúst og september til að sækja börn.

### **Húsnæði**

Í haust var unnið í leikskólalóðinni beint fyrir utan leikskólann. Það var sett niður róla og vegasalt og gert fínt þar í kring með gúmmímottum og hellum. Þegar leikskólinn lokar á svo að klára að laga leikskólalóðina þar sem drullubúið og rólurnar eru norðan við skólann og fjarlægja tré og skipta um sandkassa austan við húsið.

### **Viðhald**

Húsvörður sá um viðhald innandyra en þetta skólaárið var það einungis smávægilegt eins og að yfirfara hurðapumpur, laga skápa og skúffur.

### **Lokaorð**

Við í Álfaborg viljum þakka öllum fyrir samstarfið á þessu skólaári og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á því næsta. Leikskólastjóri þakkar sérstaklega fyrir mjög góðar móttökur þegar hann hóf störf um miðjan janúar. Samstarfsfólkið, börnin og foreldrar þeirra hafa verið einkar yndisleg.